

## 16. fundur

*Priðjudaginn 29.maí kom byggðaráð Langanesbyggðar ásamt varamönnum til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3, fundur hófst kl. 20:30.*

Mættir: Þórir Jónsson, Aðalbjörn Arnarson, Sigurður Kristinsson, sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson og Marinó Jónsson ásamt Birni Guðmundi fulltrúa sveitarstjóra.

Formaður setti fund og bauð menn velkomna. Hann lagði fyrir fundinn tillögu að breyttri dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

### Dagskrá.

#### 1. Mál. Úthlutun byggðakvóta.

Fulltrúa sveitarstjóra falið að koma tillögu að breyttum úthlutunarreglum á framfæri við Sjávarútvegsráðuneyti.

#### 2. Mál. Fyrri hluti umsagnar fræðslu- og menningarnefndar um skýrsluna. Skólamál í Langanesbyggð frá maí 2007.

Samþykkt að fá fagaðila til að gera grófa kostnaðaráætlun á endurbótum og viðhaldi á húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn samanber bréf fræðslu,- og menningarnefndar dags. 29.maí 2007. Kostnaðaráætlun skal liggja fyrir innan þriggja vikna. Að loknum þessum lið viku Marinó Jóns. og Siggeir Stefáns. af fundi.

#### 3. Mál. Ársfundur Varasjóðs húsnæðismála.

Samþykkt að einn sveitarstjórnarmaður sækir fundinn ef unnt er.

#### 4. Mál. aðgengismál. ( ICETOURIST)

Samþykkt að vísa erindinu til kynningar í umhverfis,- skipulags- og byggingarnefnd og til umsagnar í atvinnumálanefnd.

#### 5. Mál. Umsóknir um íbúðir.

Samþykkt umsókn um leigu á Pálmholti 5 frá Birgi Indriðasyni. Íbúðin leigist frá 15. júní. Lögð fram uppsögn leigjanda að Vesturvegi 10b, dags 18. maí 07. Samþykkt að auglýsa íbúðina lausa til útleigu miðað við afhendingu í samráði við núverandi leigjanda.

#### 6. Mál. Tilmæli til skipulagsnefndar og sveitarstjórnar. (Erindi frá hestamönnum)

Samþykkt að fulltrúi sveitarstjóra, oddviti sveitarstjórnar og verkstjóri áhaldahúss ræði við viðkomandi og leyti leiða til að staðsetning skjólbelta verði í sátt við

frístundabændum. Byggðaráð veur þó athygli á að umræddar framkvæmdir eru í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag og leigusamninga allra undirritaðra sendanda erindisins.

## **7. Mál. Fundur hjá Stígamótum.**

Samþykkt að fulltrúi sveitarstjórnar í félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga sækir fundinn, ef hann á þess kost.

Dagskrá lesin upp og samþykkt. Formaður sleit fundi kl. 01:20.

Sigurður Ragnar Kristinsson, ritari.